

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir pósthjónustu nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14.4.1 í reglugerðinni orðist þannig:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Heimilt er að veita helmings afslátt af burðargjalði fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum og blöð sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungs afslátt fyrir tímarit og blöð, sem gefin eru út af landssamtökum stéttarféлага eða fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 84/1978 um breytingu á reglugerð fyrir pósthjónustu nr. 337 6. ágúst 1976.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.40% frá 1. júní 1979 frá því sem þær voru í mars 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1979:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	455 000
Hjón	637 000

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 26. maí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.